

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Hafnar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda árið 1994.

Umhverfissráðuneytið, 2. maí 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

26. apríl 1994

Nr. 230

AUGLÝSING

um staðfestingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 26. apríl 1994 staðfest svæðisskipulag 1992-2012 fyrir sveitarfélögin Akranes, Innra-Akraneshrepp, Hvalfjarðarstrandarhrepp, Leirár- og Melahrepp og Skilmannahrepp.

Landnotkunaruppráttur, vatnsverndaruppráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um, samþykki sveitarstjórna ofangreindra sveitarfélaga og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytið, 26. apríl 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

25. apríl 1994

Nr. 231

AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi
Reykholts í Biskupstungum 1989-2009.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 25. apríl 1994 staðfest breytingar á aðalskipulagi Reykholts í Biskupstungum 1989-2009.

Breytingin felst í því að um sjö hundruð og fimmtíu metra löng spilda norðan Biskupstungnabrautar er tekin undir flugbraut í stað túna og skógræktar.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Biskupstungnahrepps og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hana til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytið, 25. apríl 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.